

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

Dags og tími, 17.04.2023, fundur 4/2023, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14:30 og stóð til kl. 15:30

Ritun fundargerðar- KÓG.

## Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður  
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings  
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,  
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,  
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp  
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

## Mættir:

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður  
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,  
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

## Dagskrá fundar

1. Snjóflóð í Neskaupstað og rýmingar í kjölfarið í fimm bæjarkjörnum.
  - a. Farið í stuttu máli yfir verkefnið sem var stórt og viðamikið. Lagt til að hver eining sem að kom, lögregla, björgunarsveitir, sveitarfélög, HSA og Vegagerð rýni verkefnið og komi tilbúið til leiks, hvort heldur á rýnifundi sem haldinn verði með aðilum hér á Austurlandi eða með Almannavarnadeild RLS og öðrum utanaðkomandi sem tóku þátt, en slíkur stór rýnifundur verður að líkindum haldinn í kringum næstu mánaðamót.
    - i. Lögregla mun, samkvæmt þessum lið, senda hvatningu til rýnis á Vegagerð og HSA sem ekki eiga fulltrúa í almannavarnanefndinni.
  - b. Kanna hvort rétt sé að aðgerðastjórn freisti þess að rýna sinn þátt áður en að stóra fundinum kemur, - KÓG og SHOZ skoða.
2. Aðgerðastjórn/-arrými, skipulag og staðsetning
  - a. Brýnt að koma því verkefni af stað að útbúa rými fyrir aðgerðastjórn. (Sjá meðfylgjandi skjöl.)
    - i. Verður tekið fyrir á næsta fundi almannavarnanefndar og þess þá freistað að setja saman stýrihóp sem hefur það verkefni að ýta þessu máli áfram.
3. Önnur mál
  - a. Reikningur fyrir leigu á Björgunarsveitarhúsinu á Egilsstöðum kominn eftir snjóflóðin og rýmingarnar í síðasta mánuði.
    - i. Samþykkt að almannavarnanefndin greiði hann.

- b. MMS gerði það að tillögu sinni, og hefur þegar kannað jarðveg þess hjá almannavarnadeild RLS, að stór almannavarnafundur verði haldinn á Austurlandi í haust þar sem komi saman sérfræðingar, hugsanlega erlendir, og ræði um hættu af ofanflóðum almennt en ekki síst hér á svæðinu. Áhugavert fyrir okkur hér að fá síða ráðstefnu og styrkir almannavarnir á svæðinu, bæði inn á við og út á við.
    - i. MMS skoðar áfram.
  - c. JBH benti á að hann sé nú að hverfa úr stóli bæjarstjóra. Hann muni þó áfram koma að eftirmálum snjóflóðanna til aðstoðar númerandi bæjarstjóra.
    - i. Hann gerði ráð fyrir að nýr bæjarstjóri kæmi á næsta fund nefndarinnar.
4. Næsti fundur ákveðinn síðar, - tekur mið af tímasetningu á rýni almannavarnadeildar RLS.

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

Dags og tími, 13.06.2023, fundur 5/2023, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14:30 og stóð til um kl. 15:00

Fundarstjórn – MMS  
Ritun fundargerðar- KÓG

## Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Magrét María Sigurðardóttir, lögglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlöggregluþjónn - varaformaður  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings  
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,  
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,  
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp  
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

## Mættir:

Magrét María Sigurðardóttir, lögglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlöggregluþjónn - varaformaður  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings  
Guðjón Már Jónsson, Landsbjörg á Austurlandi (Varamaður Sveins Zoéga.)

## Dagskrá fundar

1. Farið yfir rýnifund v. snjóflóða og rýminga á Austurlandi í lok mars, m.v. meðal annars til næstu skrefa varðandi aðgerðastjórnarrými.
  - a. Framtíðarskipan rædd, með vísan til skjals almannavarnarnefndar, ritað 19.09.2022, um Stjórnstöð aðgerðastjórnar á Austurlandi, og þá hvort rétt sé og eðlilegt að endurskoða það skjal í ljósi reynslu sem fékkst í snjóflóðum og rýmingum í marsmánuði síðastliðnum.
    - i. Rætt m.a. um stóra vel búna stjórnstöð á Egilsstöðum, í Björgunarsveitarhúsinu, og mögulega aðra minni á fjörðunum, hugsanlega á lögglustöðinni á Eskifirði.
    - ii. Rætt einnig um aðgerðastjórn í rafheimum sem reynst hefur vel í umdæminu, á COVID tímum m.a. og ekki síst á fyrstu stigum rýminga 27. mars síðastliðinn.
    - iii. Fundarmenn sammála um að rýna betur og freista þess að halda fund að hálfum mánuðum liðnum þar sem línlíðar verða lagðar að þessu leyti til framtíðar, -
      1. Að taka ákvörðun um aðgerðastjórnarrými annarsvegar, á Egilsstöðum og á fjörðunum, og hvort/hvernig búið verði að stjórnun aðgerða í netheimum hinsvegar.

2. Önnur mál
  - a. Þjálfunarmál rætt stuttlega, um mikilvægi þess að fjórðungurinn eigi þjálfaða aðgerðastjóra og vettvangsstjóra til að geta mannað sem flestar stöður í almannavarnaástandi.
    - i. Verður rætt betur síðar.
3. Næsti fundur verður haldinn að hálfum mánuði liðnum, miðvikudaginn 28. júní kl. 13:30.

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

Dags og tími, 28.06.2023, fundur 6/2023.

Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:30

Fundarstjórn – MMS  
Ritun fundargerðar- KÓG

## Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Gríðarfulltrúar  
Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings  
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,  
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,  
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp  
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

## Mættir:

Mættir  
Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður  
Gunnar Jónsson, bæjarritari Fjarðarbyggðar. (Varamaður JÁþ)  
Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri Múlaþings. (Varamaður BI)  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands  
- Ingvar Birkir Einarsson, varaslökkviliðsstjóri Brunav. Austurlands  
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp  
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

## Dagskrá fundar

1. Fyrir fundinum lá að taka ákvörðun um aðgerðastjórnarrými annarsvegar, á Egilsstöðum og á fjörðunum, og hvort/hvernig búið verði að stjórnun aðgerða í netheimum hinsvegar.  
Niðurstaða almannavarnanefndar var þessi:
  - a. Að byggja upp stjórnstöð aðgerðastjórnar á Egilsstöðum.
    - i. Fulltrúi lögreglu, sveitarfélaganna fjögurra og Landsbjargar falið að leita samninga við Björgunarsveitina Hérað um aðgang að húsnæði í þeirra eigu og leigu.
      1. Ábyrgð, - MMS
    - ii. Vinnuhópar verði í kjölfarið skipaðir frá sömu einingum og stýri uppbyggingu sílikra stjórnstöðvar.
      1. Ábyrgð, - MMS
  - b. Að kortleggja húsnæði og þarfir björgunarsveitanna í umdæminu, meta búnað sem til er, meta þarfir á viðbótarbúnaði og meta möguleikann á að nýta húsnæði þeirra sem vettvangsstjórnstöðvar og eftir atvikum aðgerðastjórnstöðvar, allt eftir aðstæðum hverju sinni.
    1. Ábyrgð, - SHOZ

- c. Að meta, að þessu loknu, þörf á sérstakri stjórnstöð aðgerða á fjörðunum einnig og staðsetningu hennar.
    - 1. Ábyrgð, - Almannavarnanefnd ákveður næstu skref þegar framkvæmdir í samræmi stafliðir a og b hér að ofan eru komnar á veg.
  - d. Að áfram verði unnið að skipulagi fyrstu aðgerða gegnum netið, sem reynslan hefur sýnt að er mikilvæg viðbót í almannavarnaástandi þegar mikið liggar við og á ríður að brugðist sé skjótt við, en einnig við smærri atvik þar sem samstillingar er þörf án þess að kalli á fullt viðbragð.
    - 1. Ábyrgð, - Almannavarnanefnd stýrir þessari vinnu áfram í samstarfi við Almannavarnadeild RLS.
2. Þjálfunarmál
- a. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að viðbragðsaðilar úr heimabyggð séu með mestu og bestu mögulegu þjálfun í aðgerða- og vettvangsstjórnum, ekki síst í ljósi atvika er upp hafa komið síðustu ár þar sem hefur sýnt sig að staðarþekking ekki síst skiptir máli.
    - i. Unnið er að því með fulltingi Landsbjargar að námskeið verði haldið fyrir viðbragðsaðila í haust með ofangreint að markmiði.
3. Bjargargrunnur
- a. Mikilvægt að yfirfara Bjargargrunn Neyðarlínu með það að markmiði að einfalda boðunarlista í almannavarnaástandi og eftir atvikum fækka þeim.
    - 1. Ábyrgð, - KÓG - HGE
4. Leiðbeiningartexti til þeirra sem þurfa að rýma hús sín, sbr. og rýmingarspjöld
- a. Reynslan hefur sýnt að rýmingarspjöld, sem dreift var til allra íbúa í Neskaupstað, á Seyðisfirði og Eskifirði, eru ekki alltaf við höndina þegar til á á að taka. Um leiðbeiningar er að ræða um það hvernig skuli skilja við hús sín, hvar skuli leita aðstoðar og skráningar og svo framvegis.
    - i. Lögregla með slíka lista til útprentaða en mikilvægt þykir að koma þeim einnig til björgunarsveita sem geta afhent íbúum til leiðbeininga komi til rýminga af hálfu björgunarsveita.
      - 1. Ábyrgð, - KÓG sendir lista á SHOZ sem kemur þeim áfram.
5. Unnið að málþingi á Austurlandi í október um ofanflóð, í samstarfi við Veðurstofu, Almannavarnir og sveitarfélögin.
- a. Kynnt / rætt.
    - 1. Ábyrgð, - MMS
6. Næsti fundur haldinn miðvikudaginn 30. ágúst nk. kl. 13:30.

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

Dags og tími, 30.08.2023, fundur 7/2023.

Fundur hófst kl. 13:30 og stóð til um kl. 14:50

Fundarstjórn – MMS  
Ritun fundargerðar- KÓG

## Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:

Magrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlöggregluþjónn - varaformaður  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings  
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,  
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,  
Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps  
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

## Mættir

Magrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður  
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlöggregluþjónn - varaformaður  
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggð  
Júlíus Albert Albertsson, varaslökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar (Varamaður slökkviliðsstjóra.)  
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,  
Kjartan Benediktsson varamaður sveitarstjóra Fljótsdalshrepps

## Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
  - a. Engar athugasemdir
2. Unnið að rafrænni undirritun ársreiknings nefndarinnar
  - a. Engar athugasemdir við það.
3. Til skoðunar að ráða starfsmann almannavarnarnefndar í hlutastarf / verktakavinnu til tiltekins tíma
  - a. Jón Björn ráðinn í verktaka vinnu við aðstoða okkur. Fundarmenn lýstu ánægju með þessu niðurstöðu.
    - i. Verkefni sem bíða eru m.a.
      1. Nýtt aðgerðastjórnarrými
        - a. Vettvangsstjórnarrými skoðuð einnig og búnaðarmál
      2. Útbúa ný rýmingarkort
      3. Fara yfir eldri áætlanir, svo sem ferjuslys á Seyðisfirði, og vinna að nýjum, svo sem varðandi gróðurelda

4. Fara yfir boðunarlista í Bjargargrunni og einfalda
  5. Annað
4. Aðgerðastjórnarrými á Egilsstöðum, - leiga. (Framhald síðasta fundar.)
  - a. Fundarmenn upplýstir um stöðu mála. Fundur fyrirhugaðar vegna þessa þann 5. sept. nk. með fulltrúum almannavarnanefndar og björgunarsveitarinnar á Héraði.
    - i. Niðurstaðan verður borin undir aðalfund björgunarsveitarinnar og niðurstaðan vonandi farsæl.
5. Þjálfunarmál (Framhald síðasta fundar.)
  - a. Unnið að því með fulltingi Landsbjargar að námskeið verði haldið fyrir viðbragðsaðila hér á Austurlandi í haust, og að það verði haldið í umdæminu.
    - i. Er í vinnslu.
      1. Var gert reglulega fyrir COVID og mikilvægt að koma þessu á, bæði til að æfa en ekki síður til að viðbragðsaðilar hér hittist, kynnist og stilli saman strengi. Fundarmenn lýstu ánægju með þetta framtak.
        - a. KB verður í sambandi við Jón Sigurðarson á Vopnafirði sem er með þetta verkefni í vinnslu og kannar stöðuna.
6. Leiðbeiningartexti til þeirra sem þurfa að rýma hús sín, sbr. og rýmingarspjöld. (Framhald síðasta fundar.)
  - a. Sent SHOZ þann 28.08.23 sem kemur þessu áfram til björgunarsveita á Seyðisfirði, Eskifirði og Norðfirði. Fundarmenn eru ánægðir með þetta.
  - b. Umræða hvort þörf fyrir að halda rýminga æfingu og er mögulega hlutverk nýs starfsmanns að stýra.
    - i. Verður skoðað.
  - c. Þrjár æfingar fyrirhugaðar á næstunni,
    - i. Með Norrænu á Seyðisfirði 20. sept.
    - ii. Fluglysaaæfing á Egilsstöðum í október
    - iii. Skemmdir á tengivirkjum í október, - Landsnet
7. Unnið að málþingi á Austurlandi í október um ofanflóð, í samstarfi við Veðurstofu, Almannavarnir og sveitarfélögini. (Framhald síðasta fundar.)
  - a. Verður haldið 2. október í Neskaupsstað. Á þeim tíma verða fulltrúar frá Veðurstofunni fyrir austan svo og þingmenn kjördæmisins.
    - i. Fundarmenn sammála því að halda þetta undir hatti almannavarnanefndar, mikilvægt að hún og verkefni hennar séu sem mest í umræðunni, - hætt við því að hún verði fjarlæg annars og lítilvæg í huga fólks.
8. Ferðamannastaðir
  - a. Stórir ferðamannastaðir hér þar sem þjónusta/aðstoð, komi eitthvað upp á, er lítil sem engin á staðnum og langt í viðbragð. Stuðlagil nefnt sem dæmi. Því velt upp hvort ástæða sé til að hafa af þessu áhyggjur og jafnvel að grípa til einhverra aðgerða, - virðist málauflokkur sem er hálf munaðarlaus?
    - i. Fundarmenn sammála því að þessa staði þurfi að kortleggja og skoða hvað hægt er að gera ef eitthvað, til að tryggja sem skjótasta aðstoð verði slys eða óhöpp.
      1. KB skoðar og rýnir með Landsbjargarfólk.
      2. Erindið verður og sent undirhópum almannavarnanefndar til skoðunar, bæði á Héraði og á Fjörðunum.

9. Önnur mál

- a. Önnur boðunaræfing fyrirhuguð, svipuð þeirra og framkvæmd var í vor með SMS skilaboðum til þeirra sem staddir voru í Neskaupstað
  - i. Stefnt að því að endurtaka þá æfingu en nú með fulltrúa símafyrirtækjanna með frá fyrstu stigum, bæði í aðdraganda hennar, skipulagi og meðan hún stendur.
    1. Verður að líkindum framkvæmd í Neskaupstað sem fyrr en einnig á Seyðisfirði til samanburðar. Enn óljóst hvers vegna tíundi hluti farsíma tekur ekki á móti SMS boðum.
- b. Skoða mögulega greiðslu fyrir fundarsetu í almannavarnanefnd til þeirra sem ekki sinna fundarsetu í vinnutíma.
  - i. Umræðu frestað að tillögu MMS, margir af fastamönum nefndarinnar forfallaðir sem stendur.
- c. Rætt um nauðsyn þess að vera með þyrlu í umdæminu, - mikilvægt hagsmunamál íbúa sem halda þarf á lofti við stjórnvöld.

10. Næsti fundur 27. sept kl. 13:30.

